



**2019-2020**

# **Náms- og kennsluáætlun**

## **1. bekkjar**





## Efnisyfirlit

Íslenska.....	3
Stærðfræði .....	6
Samfélagsfræði.....	9
Náttúrufræði .....	11
Heimilisfræði.....	14
Myndmennt .....	16
Textílmennt .....	18
Smíðar .....	20
Íþróttir.....	22
Sund.....	25
Upplýsingatækni.....	28
Tónmennt .....	30
Lífsleikni .....	31



## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: Kenndir eru á bilinu 8 - 10 tímar, þar af 6 - 8 í samkenndu með 2. bekk.**

**Kennari: Cornelia S. Þorsteinsson**

### *Kennsluáferðir og skipulag*

Lestur og skriftarkennsla byggist fyrst og fremst á áhuga á tungumálinu og forvitni að geta notað skrifað mál í samskiptum og til að afla sér upplýsinga og skemmtunar í gegnum skrifaða/prentaða texta. Lestrarkennslan mun því byggjast á innihaldi orða og textanna meira en bara tæknileg atriði eins og stafainnlögn og skriftaræfingar, þótt það verði að sjálfsögðu kennt ýtarlega og æft á margvíslegan hátt (orðmyndir, stafir, hljóð, orð, málsgreinar o.s.frv.). Mikil samþætting er við aðrar námsgreinar.

Æfing skiptir öllu í að ná góðum tókum á lestri og skrift. Þess vegna fá nemendur fjórum sinnum í viku smá heimanám, þar sem þeir æfa færni sem unnið var með í skólanum þann dag. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er einnig að þjálfa góð og nauðsynleg vinnubrögð nemenda.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>Rætt er við nemendur um mikilvægi heilbrigðis og velferðar í gegnum texta. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun. Áhersla á hollt og gott mataræði og hreyfingu.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa t.d. að nemendur velji sjálfir, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur velja sjálfir við hvaða aðstæður þeir lesa upphátt frumsamdar sögur, fyrir allan bekkinn, lítinn hóp, góðan vin eða bara kennara.</li></ul>



Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Unnið er með læsi í víðum skilningi og lesskilningur þjálfaður. Nemendur takast á við nýja færni þ.e. að æfa umskráningu bókstafa og hljóð þeirra. Nemendur þjálfast í myndlæsi og orðaforði þjálfaður út frá myndum.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Mikið unnið með myndsköpun, myndasögur og föndur. Nemendur skila verkefnum sínum á mismunandi formi t.d. teikna, skrifa, gera hugtakakort, gera söguveg og segja frá.</li></ul>

### Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Lykilhugtök eins og stafir, hljóð, orð og setning, atkvæði og rím. Stafdrættir þjálfaðir. Hlustunar- og/eða lesskilningur efldur. Lestrarfærni eflid. Ritun þjálfuð.	Unnið með ýmsa texta, bækur, ljóð og söngva. Ýmsar léttlestrarbækur og aðrar þyngri bækur af bókasafni skólans. Ýmsar vinnubækur t.d. Listin að lesa og skrifa og Það er leikur að læra, lestrar og vinnubækur. Forskriftarbækur og blöð.	Að kynna nemendum námsbækur og námsgögn. Fara yfir nokkur lykilhugtök eins og stafi, hljóð, orð og setningar, atkvæði og rím. Efla hlustunar- og/eða lesskilning. Að vinna sjálfstætt. Efla lestrarfærni og góðan framburð. Þjálfar ritun og stafdrætti.	Áhersla á símat þekking á orðum, stöfum og hljóðum, lestrarskilningur og lestraránægja.



## Námsmat

---

### Matið byggist á:

Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.

Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats:

Kennarinn metur nemendur jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarinn metur hversu vel nemendum tekst að fylgja fyrirmælum. Kennarinn ræður við nemendur um lestur til að ná fram skoðunum þeirra á faginu, áhuga og til að meta skilning á ákveðnum viðfangsefnum.

---



## Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: Kenndir eru á bilinu 6 - 8 tímar, þar af 4 - 6 í samkenndu með 2. bekk.**

**Kennari: Cornelia S. Þorsteinsson**

### *Kennsluáðferðir og skipulag*

Grunnþættir stærðfræðikennslunnar eru að *skoða, flokka, átta sig á einkennum, stærðum og fjölda*.

Síðan verður byggður ofan á þetta góður *talnaskilningur*, sem er aftur undirstaða skilnings á reiknisaðgerðum eins og að leggja saman, draga frá og seinna að margfalda og deila.

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna til að auka gæði námsins s.s. leitaraðferðir, einstaklingsvinna, þrautalausnir, verkleg kennslu, námsleikir, útikennsla, hlutbundin vinna og hjálpargögn. Nýir námsþættir verða kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo verður æft á fjölbreyttan hátt. Lögð verður áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhættuþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbriði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Verkefni valin með velferð nemenda í huga.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins því nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa.</li></ul>



Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hóp eða bekk þegar við á. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjáp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Talnalæsi, fjármálalæsi, nemendur fá þjálfun í læsi á stærðfærðilegum hugtökum. Nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum. Nemendur læra að lesa stærðfræðilega tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Nemendur læra að lesa tölfæðigögn.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um t.d. neyslu. Hugað að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Í stærðfræðivinnu eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. Unnin skapandi verkefni í hópstarfi á Degi stærðfræðinnar. Hlutbundin nálgun í hávegum höfð og ýtt undir skapandi hugsanir nemenda eins og kostur er.</li></ul>

## Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Stærðfræði og tungumál , lausnir verkefna og þrauta, tengsl við daglegt líf, tölur, reikniaðgerðir, reiknikunnátta, mynstur, algebra, rúmfræði, tölfræði og líkindafræði, mat.	Sproti 1a og 1b, 2a nemenda- og æfingabók auk útprentaðs efnis og efnis frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>• þekki tölustafina og talnaröðina frá 1-20</li><li>• geti aðgreint og flokkað eftir ólíkum einkennum og borið saman fjölda</li><li>• geti talið upphátt</li><li>• geti borið saman</li><li>• þekki tákni plús og mínus</li><li>• þekki tvívíð form í hversdagslegu umhverfi</li><li>• geti borið saman og mælt í hinu daglega lífi</li></ul>	Símat  Fylgst með stöðu nemenda reglulega yfir veturinn bæði munnlega, skriflega og verklega.



		<ul style="list-style-type: none"><li>• þekki nokkur algeng form s.s. kúlu, sívalning, ferstrending, þristrending og geti þekkt þessi form í hversdagslegu umhverfi</li><li>• þekki peninga og gildi þeirra</li><li>• þekki heila tímann á klukku.</li></ul>	
--	--	--	--

### Námsmat

---

#### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

#### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat en einnig kannanir af og til. Kannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendum að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. „Lokapróf“ (til að læra og þjálfa próftækni) eru tekin í lok hvorrar annar og nemendur fá í framhaldi af því vitnisburð sem inniheldur umsögn.
- ✓ Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu þar sem kennara, foreldrum og nemendum gefst kostur á að ræða námsframvinduna.





## Samfélagsfræði

---

Tímafjöldi á viku: 2 – 3 kennslustundir í samkenndu með 2. bekk.

Kennari: Cornelia S. Þorsteinsson

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

---

Samþætting við aðrar námsgreinar, aðallega íslensku.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

---

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Líkamsvitund, heilbrigði.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Allir eiga sama rétt, einn heimur fyrir alla.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Réttindi einstaklingsins.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að lesa fræðitexta.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Umhverfismennt, flokkun sorps.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að vinna með líkamann á skapandi hátt, hópvinna, paravinna, einstaklingsvinna.</li></ul>



## Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Skólareglur. Umhverfi skólans, Tíminn; árstíðir, mánuðir, vikudagar, hátiðir o.fl.	Ýmis verkefni út frá markmiðum eru unnin í þeim. Lögð verður rík áhersla á samþættingu við aðrar námsgreinar og samvinnu nemenda.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>• þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum. Þekki skólann og nánasta umhverfi</li><li>• kynnist því að til eru margar þjóðir, mörg tungumál og ólíkir siðir í heiminum</li><li>• þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld</li><li>• læri að nota dagatal</li><li>• þekki algeng tímahugtök eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni.</li></ul>	

## Námsmat

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats:

Lykilhæfni metin reglulega yfir veturinn, símat



## Náttúrufræði

---

Tímafjöldi á viku: 2 – 3 kennslustundir í samkenndu með 2. bekk.

Kennari: Cornelia S. Þorsteinsson

### *Kennsluáferðir og skipulag*

---

Ýmist unnið sem stutt verkefni, samþætting við aðrar námsgreinar eða þemaverkefni.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

---

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vatnið, hreyfing, útivera.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að allir nemendur hafa sama rétt til náms.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að nemendur læri að taka tillit til annarra í umhverfinu.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur læri að lesa í umhverfi sitt.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur læri að umgangast náttúruna, læri á nýtingu hennar og náttúrvernd.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Verkefni unnin með sköpun að leiðarljósi.</li></ul>

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Nánasta umhverfi  Íslenskar jurtir  Íslensku húsdýrin  Matur	Námsbækurnar Komdu og skoðaðu. Fræðibækur. Efni af vef. Vettvangsathuganir. Upplifun, leikur og umræður, auk efnis frá kennara.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi og frost</li><li>skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru, nánasta umhverfi og heimabyggð.</li><li>safni jurtum og laufblöðum til að greina og vinna með. Samþætting við listir</li><li>þekki og vinni með algengustu húsdýrin á Íslandi.</li><li>þekki nokkur séreinkenni dýra út frá athugun og samanburði</li><li>ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar.</li><li>ræði hvað verður um matinn sem við borðum.</li></ul>	Símat



## Námsmat

---

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn, símat



## Heimilisfræði

---

**Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn**

**Kennari: Arnheiður Rán Almarsdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

---

Kenndar eru 2 kennslustundir í einu. Tímarnir verða ekki fastir inni á stundaskránni heldur kenndir eftir áætlun í samþættingu námsgreina.

Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

---

- Að nemendur læri nöfn eldhúsáhalda.
- Að kenna nemendum að nota eldhúsáhöld.
- Að minna nemendur á góða umgengni í eldhúsi.
- Að læra að fara eftir fyrirmælum.
- Að nemendur hafi gaman af því að hjálpa til í eldhúsi.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í heimilisfræði.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Jafnrétti:	• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og líkamsbyggingu
Lýðræði og mannréttindi	• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli



	nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum eldhússins. Þegar skipt er í hópa, skal alltaf gæta jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hluti læsis er hlustun og lestur á námsefni og umhverfi.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Læra nýtni og fara vel með hráefni og hluti.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sköpunarþörf þeirra fær að njóta sín.</li></ul>

### Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Nemendur fá verkefni við sitt hæfi.	Gott og gaman. Ýmis ljósrituð verkefni. Upplifun, leikur og umræður.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>• læri að fara eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengt eldhússtörfum,</li><li>• læri heiti helstu eldhúsáhalda,</li><li>• geti með aðstoð útbúið einfaldar og hollar máltíðir.</li></ul>	Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni).

### Námsmat

#### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

#### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Lykilhæfnin metin reglulega yfir veturinn.



## Myndmennt

---

**Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku á haustönn**

**Kennari: Auður Jónsdóttir**

*Kennsluaðferðir og skipulag*

Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum

*Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

---

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í myndmennt.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að allir umgangist áhöld og efni sem unnið er með af varúð.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Allir fá sömu aðstöðu og hafa sama valmöguleika á efnivið óháð kyni.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur hjálpast að við frágang í stofu.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur þjálfast í að fara eftir einföldum vinnuleiðbeiningum í máli og myndum. Einnig læra nemendur hugtök sem tengjast sjónlistum.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur vinna með verðlaust efni og endurhanna eða skapa eitthvað nýtt.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur hvattir til að útfæra og skapa eftir eigin hugmyndum.</li></ul>





## Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Listir og sköpun eru svo stór hluti af daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif. Unnið með blýant, liti og málningu á mismunandi pappír. Mikil áhersla lögð á eigin sköpun og sjálfstæði.	Dæmi: Litafræði, litahringur, blöndun lita. Að horfa á umhverfið, skoða liti og form. Fjölbreytt verkefni unnin með fyrirnefndar áherslur að leiðarljósi.	Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none"><li>• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar</li><li>• notað þau efni og áhöld sem kynnt hafa verið</li><li>• unnið einföld verkefni einn eða í hópi</li><li>• gengið frá eftir vinnu sína.</li></ul>	

## Námsmat

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Símat, virkni í tímum.



## Textílmennt

**Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku á haustönn**

**Kennari: Hjördís Albertsdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Útlistunar- og sýnikennsla auk verklegra æfinga.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í textílmennt.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á að handverk sé fyrir alla.</li></ul>
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Kenna nemendum að nýta og fara vel með efnið sem þeir vinna með. Nýta afgangsefni þar sem það er hægt.</li></ul>
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að sköpunargáfa nemenda njóti sín. Nemendur skapa hluti sem eru þeirra eigin og enginn á alveg eins.</li></ul>

### *Áætlun*

<i>Viðfangsefni og námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Blómapottur – garn límt og vafið utan um dós. Puttaprjón með 2 og 4 fingrum – tímaverkefni.	Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none"><li>• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</li><li>• unnið úr nokkrum gerðum textílefna</li></ul>	Lykilhæfniþættir eru metnir jafnt og þétt. Lokamat byggist á símati á vinnu nemenda.



<p>Vefugla – vefa á spjald og líma filtefni á afurð til að búa til uglu. Mynd á java – mála mynd á strigajava og sauma spor í myndina. Jólakort – búa til jólamynd með kartoni, lími og garni. Jólaskraut – sauma fílhjarta með nál og þræði og fylla með tróði.</p>	<ul style="list-style-type: none"><li>• skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</li><li>• gengið frá eftir vinnu sína.</li></ul>	
--	---	--

### *Námsmat*

---

#### Matið byggist á:

- Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.

#### Form og tíðni námsmats:

- Ástundun og virkni nemenda í tímum. Metið í lok annar.



## Smíðar

**Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn**

**Kennari: Eydís Kristjánsdóttir**

*Kennsluaðferðir og skipulag*

*Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- Að kynnast smíðastofunni betur og helstu eiginleikum hennar.
- Að kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau.
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í smíðum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á rétta líkamsstöðu og kynnast verkfærum smíðastofunnar, réttri beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða það við alla sem vilja heyra.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Einnig að læra á að þekkja hvað verkfæri eigi að nota hverju sinni. Læra þá að þekkja nöfn verkfæranna og hvernig nafnið tengist vinnslu þess.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Læra að nýta efni og notast við afganga sem falla til.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur smíða og skapa sína smíðagripi eins og þeir sjá hann fyrir sér.</li></ul>



## Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Verkfæranotkun og sköpun.	Möguleikar smíðastofunnar og helstu verkfæra. Útfærsla eigin hugmynda. Samræður við kennara og samnemendur.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>• verði færir um að undirbúa verk með útfærslu á eigin hugmynd</li><li>• nái tókum á að nota þau verkfæri sem til þarf læri hvernig eigi að nota verkfærin.</li></ul>	Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgervi nemenda. Áhugi og hæfni nemenda, verklag og samskiptahæfni.

## Námsmat

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð, frumkvæði, áræðni og þrautseigja; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni nemenda í tímum. Metið í lok annar.



## Íþróttir

**Tímafjöldi á viku: 4**

**Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, leikir, leikfimi, knattleikir og helstu íþróttagreinar.

Leiðir: Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.</li></ul>

*Áætlun*

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Grunnþjálfun, leikir, tækni, þol og styrkur.  Undirstöðutatriði í helstu íþróttagreinum oft með leikrænum hætti.	Útiþróttir - göngur/hlaup, leikir og þrautir.  Inniþróttir - áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu íþróttagreinar. MOT4-6 hreyfiþroskapróf.	Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til heilbrigðrar hreyfingar og hollra lífshátta.  Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>• kynnist og þjálfist í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skríða, hoppa, kasta, rúlla, sparka, rekja og snerta</li><li>• leysi af hendi verkefni sem þroska jafnvægi, sjón, heyrn, snertingu, vöðva- og liðamótaskyn ýmist með eða án áhalds</li><li>• efli þol sitt og þrek í gegnum leik og leikrænar æfingar</li><li>• kynnist skapandi hreyfingu með eða án tónlistar</li><li>• kynnist helstu samskipta- og umgengnisreglum sem í gildi eru, iðki íþróttir og leiki á skólalóð.</li></ul>	Er byggt á virkni nemenda og framförum. Gerð er könnun í ýmsum þrautum og æfingum.



## Námsmat

---

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið

### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Ástundun og virkni í tímum auk færni. Metið í lok haustannar og að vori.





## Sund

---

**Tímafjöldi á viku: Námskeið að hausti og vori**

**Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

---

Hefðbundin sundkennsla, reglur, leikir, allar sundaðferðir sem miðast við 1. sundstig. Við kennslu byrjenda er reynt að nota leikrænar æfingar og leiki til að fá barnið til að venjast vatninu á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Leitast er við að nota leikræn kennsluform til að ná grunnhreyfingum sundtakanna.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

---

- Að nemendur aðlagist vatninu og sundumhverfinu.
- Að kenna nemendum grunntækni sundaðferða.
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum.
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í sund.
- Að auka félags,- hreyfi,- og siðgæðisþroska nemenda.
- Að ljúka 1. sundstigi.



Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbriði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.</li></ul>
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.</li></ul>
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Líkamstjáning í vatni.</li></ul>

## Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Leikur í vatni, aðlögun og flotæfingar, skriðsundsfótatök, bringusundsfótatök og köfun.	1. sundstig <ul style="list-style-type: none"><li>• standa í botni grynri hluta laugar og anda að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.</li></ul>	Helsta markmiðið með sundstigum er að <ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum,</li><li>• nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt</li><li>• veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs</li></ul>	Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir  A - sundgetu á prófi  B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni).



	<ul style="list-style-type: none"><li>• flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja</li><li>• ganga með andlit í kafi 2,5 m eða lengra</li><li>• bringusundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.</li></ul>	
--	--	---	--

### Námsmat

---

#### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áráðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

#### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Verklef próf í sundstiginu við lok haustannar og að vori. Símat á lykilhæfni á meðan sundkennsla stendur .



## Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund á viku á vorönn

Kennari: Jóhanna Jóhannesdóttir

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Að nemendur læri að kveikja á tölvu, fá fræðslu um netöryggi, hvað ber að varast og læri hvernig eigi að umgangast tölvur. Að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart tölvum og verði óhræddir við að þreifa sig áfram. Að nemendur þjálfist í fingrasetningu og læri á lykllaborðið. Jafnframt að nemendur þekki muninn á kennsluforriti og tölvuleik. Helsta námsefnið er fingrafimi á vef Námsgagnastofnunar [www.nams.is](http://www.nams.is).

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í upplýsingatækni.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áhersluþættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Líkamsstaða og líkamsbeiting.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur vinna eftir sínum forsendum/á sínum hraða.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur geti lesið í verkefnin til að sjá hvað þau eiga að gera næst.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur læri að nota tölvu sér til gagns og gamans.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Teikna mynd í forritinu paint og segja söguna á bakvið myndina.</li></ul>



## Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Fingrasetning, teikning og skrift.	Fingrafimi, Paint, Námsleikir á <a href="http://www.nams.is">www.nams.is</a>	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"><li>• geti kveikt á tölvu án aðstoðar</li><li>• viti hvernig eigi að umgangast tölvur</li><li>• hafi náð grunnfærni í fingrasetningu</li><li>• kunni á lyklaborðið</li><li>• þekki teikniforritið paint.</li></ul>	Ástundun í tímum og framfarir metnar yfir önnina.

## Námsmat

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.
- ✓ Tímaverkefni og ástundun í tímum er metin til umsagnar.

### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Umsögn í lok annar.



## **Tónmennt**

---

**Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund**

**Kennari: Ilona Laido**

*Kennsluaðferðir og skipulag*

---

Söngur, kynnst ýmsum hljóðfærum og hlustað á tónlist.



## Lífsleikni

---

### Felld inn í aðrar námsgreinar

**Kennari: Cornelia S. Þorsteinsson**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

---

Umræður, leikir, sköpun.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

---

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í lífsleikni.

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áherslupættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Mikið er lagt upp úr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hæfni í að lesa í aðstæður hverju sinni.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Læri um endurvinnslu.</li></ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sköpunarþörf nemenda fær að njóta sín þegar kostur er.</li></ul>



## Áætlun

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Námsefni</i>	<i>Hæfniviðmið/markmið</i>	<i>Mat</i>
Bekkjarsáttmáli, störfín í bekknum, sjálfstjórn, samskiptafærni, Gagnkvæm virðing, samvinna, hrós og hvatning æfð.		Að kynnast helstu samskipta- og umgengnisreglum sem í gildi eru .	Er byggt á virkni nemenda og framförum.

## Námsmat

### Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats:

- ✓ Er byggt á virkni nemenda og framförum.